

11. október 2005

1955

Nr. 934

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 11. október 2005,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

14. október 2005

Nr. 935

AUGLÝSING

**ríkisskattstjóra nr. 10/2005 um framlengingu á fresti skattstjóra
til að úrskurða kærur vegna álagningar opinberra gjalda á menn 2005.**

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið með vísan til 120. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, að framlengja þann tveggja mánaða frest, sbr. 99. gr. tilvitnaðra laga, sem skattstjórum er settur til að úrskurða þær kærur, er bárust fyrir lok kærufrests þann 29. ágúst sl. vegna þeirrar álagningar á menn, sem auglýst var lokið 29. júlí 2005, sbr. auglýsingi í Lögbirtingablaðinu sem birt var þann dag.

Samkvæmt framansögdum framlengist ofangreindur frestur til 7. febrúar 2006.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík, 14. október 2005.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

11. október 2005

Nr. 936

REGLUGERÐ

**um niðurfellingu reglugerðar nr. 175/1983 um eftirlit með
skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni.**

1. gr.

Reglugerð nr. 175/1983 um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni sem sett var samkvæmt lögum nr. 60 31. maí 1976, um skipulag ferðamála, fellur úr gildi. Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 11. október 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.